

numið kr. 211.25, kr. 47.00, kr. 1500.00, kr. 4000.00 og kr. 1500.00, eða samtals 7258.25 og ber stefnda að greiða  $\frac{1}{3}$  hluta þess eða kr. 2419.42, ásamt 5% ársvöxtum, svo sem krafizt er í sáttakæru, frá sáttakæruþegi, 13. okt. 1946, til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir hæfilegt að stefndi greiði kr. 620.00 í málskostnað, þar af til rikissjóðs kr. 120.00 og til skipaðs talsmanns stefnanda, Björns Halldórssonar hdl., kr. 500.00. Málflytningislaun nefnds talsmanns stefnanda að öðru leyti, kr. 700.00, greiðist úr rikissjóði.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi Ásbjörn Magnússon greiði stefnanda Jóni Ingi-mundarsyni f. h. Halldórs I. Jónssonar kr. 2419.42 ásamt 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 620.00 í málskostnað, þar af til rikissjóðs kr. 120.00 og til skipaðs talsmanns stefnanda, Björns Halldórssonar hdl., kr. 500.00, en málflytningislaun talsmanns stefnanda að öðru leyti, kr. 700.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. marz 1948.

Nr. 107/1947. **Kjartan Sveinsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)  
gegn

**Borghildi Pétursdóttur**

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Skýring á 64. gr. laga nr. 3/1878.

#### Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. október 1947 gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að húseign búins verði lögð honum út eftir yfirmati því, sem fram hefur farið á eigninni. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að réttur þess hjóna, sem flutt hefur hlut inn í búíð, til að heimta hann lagðan sér út eftir virðingu samkvæmt 64. gr. laga nr. 3/1878, sé takmarkaður við það, að verðmæti hlutarins fari ekki fram úr eignarhluta þess í búinu, sbr. upphaf greinarinnar. Lög nr. 20/1923 gera enga breytingu á þessu efni, og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 4. október 1947.

Við opinber skipti á félagsbúi Kjartans Sveinssonar, Ásvallagötu 69 hér í bæ, og fyrrverandi konu hans, Borghildar Pétursdóttur, kom fram ágreiningur í sambandi við húseignina nr. 69 við Ásvallagötu hér í bænum. Var fyrst um það deilt, hvort búíð ætti alla fasteignina eða hluta hennar. Var um þann ágreining kveðinn upp úrskurður hér í skiptaréttinum 15. október 1946 á þá leið, að öll fasteignin teldist eign búins. Á dómþingi 29. júlí 1947 gerði frú Borghildur Pétursdóttir kröfu um það með tilvísun til úrskurðarins, að öll fasteignin yrði seld á opinberu uppboði. Kjartan Sveinsson lýsti því þá þegar yfir, að áðurgreindum úrskurði yrði áfrýjað til hæstaréttar til breytingar, þar sem Axel bróðir sinn ætti hluta úr þessari eign. Jafnframt því gerði Kjartan kröfu um það, að hann fengi lagðan út hluta búins í húseigninni eftir mati.

Á dómþingi 29. ágúst sama ár hvarf Borghildur Pétursdóttir frá kröfu sinni um sölu á allri húseigninni, en krafðist þess hins vegar, að seld yrði á opinberu uppboði hálf húseignin, þ. e. öll efri hæð gamla hússins, 4 íbúðarherbergi, bað og salerni og á neðri hæð forstofa, eldhús, búr og ein stofa, auk þess ein stofa í nýbyggingu, eitt geymsluherbergi í kjallara og þvottahús að hálfu og lóðarréttindi að hálfu, og að sannreynt verði með opinberu uppboði, hvert sé raunverulegt markaðsverð á eign þessari, og verði krafa Kjartans um útlagningu tekin til greina, þá sé verð eignarinnar miðað við hæsta boð á hinu opinbera uppboði, ef það verður hærra en matsverð.

Kjartan Sveinsson hefur aftur á móti mótmælt því, að opinbert uppboð fari fram á húseigninni, en krafizt þess að fá hluta búins í henni útlagðan eftir mati.

Eftir að gagnasöfnun í máli þessu var lokið, var það flutt munnlega 27. f. m. og að því loknu tekið undir úrskurð sama dag.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Samkvæmt beiðni Kjartans Sveinssonar fór fram mat á þeim hluta húseignarinnar nr. 69 við Ásvallagötu hér í bæ, sem nú er samkomulag um, að sé eign búðsins, og var mat þetta framkvæmt þann 11. apríl 1946. Nam matsfjárhæðin kr. 110 000.00. Borghildur Pétursdóttir vildi ekki una þessu mati og fékk yfirmat. Nam matsfjárhæð yfirmatsins kr. 127 000.00. Nú hefur Borghildur Pétursdóttir talið mat þetta allt of lágt. Hefur hún boðizt til að kaupa þessa eign búðsins í húsinu fyrir kr. 180 000.00, og telur hún óverjandi að leggja til grundvallar við skipti á búinu fyrrgreint mat, án þess að sannreyna fyrst með opinberu uppboði, hvert verð kunni að fást fyrir eignina, og byggir hún kröfu sína í máli þessu á þessu atriði.

Kjartan Sveinsson hefur hins vegar mótmælt því, að opinbert uppboð verði haldið á eigninni, og telur hann rétt sinn til útlagningar eftir mati tvímælalausan samkvæmt ákvæðum skiptalaganna nr. 3 frá 12 apríl 1878, 63. og 64. gr. og laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 20. júní 1923, 47. gr. 2. lið. Húseign þessa hafi hann sjálfur flutt í húið. Að visu hafi hann, eftir að þau Borghildur gengu í hjónaband, fengið af viðbyggingu við húsið eitt herbergi, en látið í skiptum fyrir það 2 herbergi af gamla húsinu, og hafi þessi skipti farið fram með vitund og vilja þáverandi konu sinnar, Borghildar Pétursdóttur. Þá bendir hann og á, að í heimili sínu sé móðir sín og barn þeirra hjóna, auk ráðskonu, er hann hafi orðið að taka, eftir að konan hafi farið af heimilinu.

Borghildur Pétursdóttir hefur neitað því, að Kjartan hafi lagt alla þessa eign í húið. Að visu hafi nokkur hluti hennar verið byggður áður en þau gengu í hjónaband, en nokkur hluti hennar sé þó byggður í búskap þeirra, og hefur hún mótmælt því, að nokkur skipti hafi átt sér stað á herbergi því, er þau fengu í viðbyggingunni, og þessum 2 herbergjum í gamla húsinu, og njóti Kjartan því einkis réttar fram yfir sig að fá eign þessa útlagða eins og hún er nú. En verði húshluti þessi lagður út, telur hún, að öruggasti grundvöllur fyrir réttum skiptum fáiist með því að bjóða eignarhlutann upp á opinberu uppboði.

Um búskipti þessi fer eftir lögum nr. 20 frá 20. júní 1923, þar sem hjónin stofnuðu hjúskap eftir gildistöku þeirra laga og kom því hér til greina 7. kafli þeirra laga svo og 6. kafli skiptalaganna nr. 3 frá 12 apríl 1878.

Samkvæmt 64. gr. skiptalaganna geta málsaðiljar heimtað sinn hluta úr búinu útlagðan eftir virðingu. Verður að telja, að þessi útlagning eftir virðingu til annars aðilja takmarkist við það, að aðrar eignir búðsins, sem til skipta koma, væri jafnmiklar að matsverði, því eigi verður talið, að annað hjóna geti krafizt útlagningar á meiri verðmætum en sínum hluta í búinu, þótt boðin væri fram fjár-

greiðsla í staðinn. Nú hefur Kjartan Sveinsson krafizt þess, að fá úr búinu útlagða eftir virðingarverði eign búans í Ásvallagötu 69 hér í bæ, sem metin er yfirmati á kr. 127 000.00, en aðrar eignir búans námu við uppskrift og mat samtals kr. 25 391.67, en af þeim eignum hefur hann og undir skiptum í búi þessu krafizt útlagningar sér til handa  $\frac{5}{12}$  hluta í Stakkavík, sem metnar eru á kr. 4166.67.

Uppskrift á búi hjónanna hófst þann 30. marz 1946, en við framhaldsuppskrift í því þann 8. október sama ár var lögð fram við uppskriftina skrá Kjartans Sveinssonar frá 16. marz 1946 um skuldir búans, og námu þær samkvæmt henni kr. 60 308.29, en á hinni umræddu eign hvila samkvæmt veðbókarvottorði frá 3. maí 1946 2 skuldir á 1. og 2. veðrétti, sem nema samkvæmt áður-umgetinni skrá kr. 44 326.50.

Af því, sem nú hefur verið lýst, má sjá, að Kjartan Sveinsson fengi meira en sinn hluta úr búinu lagðan sér út eftir virðingu, ef krafa hans um útlagningu á fasteign búans á Ásvallagötu 69 hér í bæ væri tekin til greina, og verður eigi séð, að 64. gr. skiptalaganna heimili svo viðtæka reglu fyrir málsaðilja. Hins vegar telur skiptaráðandi, eftir að hafa skoðað fasteign búans á Ásvallagötu 69, að Kjartan Sveinsson hafi fært þá eign í búið, þar sem hið umrædda herbergi í viðbyggingunni er í föstum tengslum við gamla húsið og telja verður, að það komi í stað þeirra 2 herbergja í gamla húsinu, sem þegar eru einangruð í því.

Með vísun til þessara röksemda þykir verða að taka kröfu Borghildar Pétursdóttur til greina um það, að sannreynt verði með opinberu uppboði á hluta búans í Ásvallagötu 69 hér í bæ, hvert sé raunverulegt markaðsverð á þeirri eign búans, enda verður krafa Kjartans Sveinssonar um útlagningu ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Þvi úrskurðast:

Sannreynt skal með opinberu uppboði, hvert sé raunverulegt markaðsverð á hluta Kjartans Sveinssonar og Borghildar Pétursdóttur í húseigninni nr. 69 við Ásvallagötu hér í bænum. Krafa Kjartans Sveinssonar um útlagningu verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.